

réttarins sú, að synja ber um framkvæmd hins umbeðna lögtaks. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. júní 1950.

Nr. 163/1949. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

Guðmundi Magnússyni (Jón N. Sigurðsson).

Maður, er mörgum sinnum hafði valdið eldsvoða, talinn ósak-
hæfur vegna geðtruflana og honum dæmd öryggisgæzla.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur framhaldsrannsókn verið háð um nokkur þeirra sakaratriða, sem í málinu greinir. Bergsveinn Ólafsson augnlæknir og Helgi Tómasson yfirlæknir hafa og rannsakað ákærða og gert skýrslur um niðurstöður þeirra rannsókna. Loks hefur lækna ráð fjallað um skýrslur nefndra lækna og látið í té álit sitt um nokkur atriði varðandi heilsufar ákærða samkvæmt beiðni sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti.

Fallast má á lýsingu héraðsdóms á íkveikjum í skúr við Skúlagötu, Bergþórugötu 20, skúr við Snorrabraut, Netjagerð Björns Benediktssonar h/f, Frakkneska spítalanum, Vesturgötu 3 B og bifreiðinni R 3624, og hefur ákærði með þessum íkveikjum brotið þau ákvæði almennra hegningarlaga, sem í héraðsdómi greinir. Þá ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um brot ákærða gegn þar greindum ákvæðum áfengisлага og bifreiðalaga svo og 120. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna.

Húsið við Klapparstíg 30 og húsið við Bergþórugötu 20 eru í þéttri hvirfingu íbúðarhúsa, sem flest eru úr timbri. Íkveikja

ákærða í húsum þessum varðar því við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt álitssgerð Helga yfirlæknis Tómassonar, sem læknaráð hefur staðfest, var ákærði, þegar hann framdi afbrot sín, haldinn geðtruflunum, er stöfuðu af þremur samverkandi orsökum, þ. e. sefasýkisupplagi, bráðri heilabólgu og áfengiseitrun. Nú telur læknaráð heilabólguna batnaða og sjúkdómseinkenni hennar horfin. Læknaráð bendir hins vegar á, að óreynt sé, hvernig ákærði muni bregðast við áfengisáhrifum, en ráðið hefur m. a. staðfest svofelld ummæli Helga yfirlæknis Tómassonar um ákærða: „Undir öllum kringumstæðum myndi ég telja áfengi, jafnvel smávegis, stórlega tvíeggjað fyrir hann alla ævi, þar sem ekki er vitað, nema hin afbrigðilega hegðun fyrst og fremst leysist úr læðingi fyrir eiturverkun þess á heila mannsins.“

Telja verður, að geðtruflanir ákærða hafi verið á svo háu stigi og þess eðlis, er hann framdi afbrot sín, að eigi séu efni til að dæma honum refsingu, sbr. 15. gr. hegningarlaganna. Hins vegar er hætta á því, að ákærði mundi fremja sams konar afbrot og í máli þessu greinir, ef hann væri látinn laus. Vegna almannaöryggis er því nauðsynlegt, að honum sé að óbreyttu ástandi haldið í öruggri gæzlu. Ber því samkvæmt 62. gr. hegningarlaganna að dæma hann til að sæta slíkri öryggisgæzlu.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu málskostnaðar ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Magnússon, skal sæta öryggisgæzlu samkvæmt framangreindu.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verj-

anda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 2700.00 til hvors. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Ég tel gögn málsins benda til þess, að ástand ákærða, er hann framdi brotin, hafi verið slíkt, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 19/1940. Styðja og álitsergerðir dr. Helga Tómassonar yfirlæknis og réttarmáladeildar lækna ráðs það, að svo hafi verið. Hins vegar tel ég, að eigi séu næg rök til að ætla, að refsing muni bera árangur, og get því fallizt á, að ákærði sé eigi dæmdur til refsingar.

Ég er að öðru leyti sammála dómi Hæstaréttar, þar á meðal ákvæði hans um öryggisgæzlu.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. desember 1949.

Ár 1949, miðvikudaginn 7. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4805/1949: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Guðmundi Magnússyni, sem tekið var til dóms 26. nóvember sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Magnússyni, verzlunarmanni, Tangagötu 19 á Ísafirði, fyrir brot gegn XIII., XVIII., XXVI. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 26. október 1922, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt þessum ákærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1946 27/5 Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.

1947 1/7 Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum (ólöglegur ökuhraði).

1947 17/10 Kærður fyrir að valda aurslettum á vegfaranda. Kærði greiddi skaðabætur, 40 kr.

Á síðastliðnu vori urðu hér í bænum nokkrir eldsvoðar, sem grunur lék á, að væru af mannavöldum. Aðfaranótt 2. júní kviknaði í vörugeymsluhúsinu Vesturgötu 3 B, bifhjóli var stolið úr skúr þar hjá, brotinn brunaboði á Sunnutorgi í Kleppsholti og bifreiðinni R 3624 stolið á Bárugötu, og var komið að henni brennandi utan við þjóðveginn í nánd við Blikastaði í Mosfellssveit klukkan að ganga 8 um morguninn. Lögreglan fór strax á vettvang, og sáust þess merki, að maður hafði gengið frá bifreiðinni upp í fjallið fyrir ofan. Lögreglan hóf þá leit í fjallinu og hélt henni áfram, þar

til ákærði hafði verið handsamaður, sem nú verður að vikið. Klukkan rúmlega 4 síðdegis þenna sama dag var Lárus Lúðvík Magnússon, vélstjóri í rafstöðinni við Elliðaár, við vinnu sína á stöðinni. Sá hann þá til ferða manns eins, sem honum þóttu grunsamlegar, enda vissi hann, að leit að hinum meinta íkveikjumanni stóð yfir. Hann hafði orð á þessu við Stefni Runólfsson múrara, Nýbýlavegi 6, sem þarna var við vinnu, og kom þeim saman um að tilkynna lögreglunni um ferðir mannsins. Gerði Stefni það símleiðis. Tveir lögregluþjónar, Sigurður Emil Ágústsson og Jóel Kristinn Sigurðsson, voru sendir í bifreið þangað, sem maðurinn var sagður vera, og handtóku þeir hann á Sogavegi, þar sem hann hafði slegizt í för með vegfarendum. Virtist lögregluþjónunum lýsing Stefnis koma heim við manninn. Auk þess vildi svo til, að þeir þekktu hann báðir og ávörpuðu hann. Þeir handtóku hann móttþróaust og færðu hann fyrir lögregluréttinn. Þar viðurkenndi hann strax stuld bifreiðarinnar R 3624 og síðar sama dag viðurkenndi hann að vera valdur að nokkrum eldsvoðum hér í bænum.

Í marzlok s.l. veiktist ákærði á Ísafirði, og telur dr. med. Helgi Tómasson, sem hefur rannsakað andlega heilbrigði ákærða, að sjúkdómurinn hafi eftir öllu að dæma verið heilabólga. Veikindi þessi urðu mjög alvarleg, og dagana 22.—25. apríl var ákærði með meira eða minna óráði. Hinn 25. apríl var hann fluttur í flugvél til Reykjavíkur á heimili foreldra sinna á Klapparstíg 29. Fór honum þá brátt að batna, en lá samt rúmfastur nokkra daga. Vegna þess hve máttfarinn hann var eftir veikindin, fór hann ekki út fyrstu dagana, eftir að hann fór á fætur, en eftir að hann fór að fara út, var hann meira og minna úti á kvöldin og nóttunni og neytti þá áfengis meira en góðu hófi gegndi. Hann kveðst ekki hafa viljað koma heim til foreldra sinna undir áfengisáhrifum og þess vegna hafa, þegar hann var í því ástandi á kvöldin og nóttunni, reikað um bæinn til að láta renna af sér, en sökum þess að honum leiddist að ráfa úti, hafi hann gert sér far um að komast einhvers staðar í húsaskjól, meðan áfengisáhrifin væru að renna af sér.

Verða nú rakin þau brot, sem ákærði er sakaður um að hafa framið.

Skúr við Skúlagötu.

Um mánaðamótin apríl og maí s.l. keypti Hinrik Lúther Sigurðsson bifreiðarstjóri, Hverfisgötu 59, um það bil hálfsmíðaðan timburskúr á óbyggðri lóð við Skúlagötu. Hinn 11. maí hafði hann næstum lokið smíði skúrsins og vann við að mála hann innan fram á kvöld þessa dags. Síðari hluta dagsins hafði hann látið loga á olíuofni í skúrnum, svo að málningin þornaði fyrr, og þegar hann hætti vinnu um kvöldið, skildi hann ofninn eftir, án þess að slökva á honum. Skúrin telur eigandinn hafa verið orðinn sér um 5000.00 króna virði.

Nóttina eftir, aðfaranótt 12. maí, var ákærði undir áfengisáhrifum á reiki um bæinn. Kom hann þá að skúr þessum. Hlerar voru fyrir gluggum hans, en þegar ákærði reyndi að losa einn þeirra, var það mjög auðvelt. Þegar hann hafði opnað gluggaopið, smaug hann inn um það í því skyni að láta fyrirberast í skúrnum, þar til áfengisáhrifin væru runnin af sér.

Þegar inn var komið, sá hann oliuofninn, og kom þá upp í huga hans sú hugsun, að mikil ógætni væri að láta lifa á oliuofninum í mannlausum skúrnum um hánótt. Fljótlega eftir að ákærði kom í skúrinn, hrinti hann ofninum um koll, og blossaði þá strax upp eldur, vafalaust í olíunni, sem rann úr ofninum. Ákærði sparkaði þá upp skúrhurðinni og fór út og gekk stóran hring um göturnar í grenndinni, þar til hann kom aftur að skúrnum. Brunakall vegna skúrbrunans hafði komið í slökkvistöðina kl. 2.42, og þegar ákærði kom aftur á brunastaðinn, var slökkviliðið að slökkva eldinn. Gekk ákærði þá í lið með því og vann meðal annars að því að hringa upp slöngurnar að slökkvistarfinu loknu. Við brunann urðu miklar skemmdir á skúrnum, sem var óváttryggður. Þegar skúrinn brann, var veður suðvestan 6 og úrkoma, að því er virðist.

Undir rannsókn máls þessa var Jóni slökkviliðsstjóra Sigurðssyni og Sveini yfirlögregluþjóni Sæmundssyni falið að athuga, hvort mönnum hafi verið bersýnilegur lífsháski búinn af íkveikjum ákærða og hvort þær hafi haft í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu. Í skýrslu sinni um þetta, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, lýsa þeir því álitinu sínu um skúrbrunann, að vegna veðuráttar og lítills eldsmagns í skúrnum hafi ekki verið hættu á, að eldurinn breiddist út, þannig að nærliggjandi hús væru í hættu. Þar sem ekki verður talið, að almannahætta hafi stafað af bruna skúrsins, þykir verknaður ákærða varða við 257. gr., 2. mgr., hegningarlaganna nr. 19 12. febrúar 1940.

Klapparstígur 30.

Þegar eldurinn hafði verið slökktur í skúrnum við Skúlagötu, gekk ákærði áleiðis heim á Klapparstíg 29. Gegnt því húsi við þá götu er Klapparstígur 30, verzlunin Vaðnes, og á bak við hana í skúrbyggingu einni rafmagnsvinnustofan Skinfaxi. Ákærði fór inn íundið milli þessara bygginga til að kasta af sér vatni. Hann kveðst hafa litið inn um gluggann á rafmagnsverkstaðinu og séð þar glóandi rafofna, nokkra, að hann minnir. Fyrir einn gluggann segir hann hafa verið neglda krossviðarplötu í stað rúðu, hafi hann rekið hnefann í plötuna og ýtt henni inn og þá komið með handlegginn inn um opið, alveg upp að öxl. Á borði við gluggann hafi verið tvistur, og kveðst ákærði hafa tekið visk af honum og fleygt henni á einn glóandi rafofninn. Hafi þá strax farið að rjúka af honum og ákærði þá hraðað sér inn í Klapparstíg 29. Þar fékk hann sér að borða í búrinu og fór svo að háttu, en meðan hann var að því, vaknaði fólkíð í húsinu. Fór hann þá með því út í glugga og sá þá reykin upp úr rafmagnsvinnustofunni, og var slökkviliðið þá komið á vettvang.

Samkvæmt skýrslu framkvæmdastjóra vinnustofunnar, Jónasar Ingvars Ásgrímssonar rafvirkjameistara, Laugavegi 27, var enginn krossviður negldur fyrir glugga vinnustofunnar, en hins vegar var krossviður negldur fyrir op á hurðinni. Engin hilla var nálægt hurðinni, og inn um opið á henni, telur hann, að ömögulegt hafi verið að seilast í tvist, sem vafalaust hafi legið á borðinu í vinnustofunni. Þegar framkvæmdastjórinn kom á brunastaðinn um nóttina, voru allar rúður vinnustofunnar heilar, að einni

undantekinni. Efnisvörður vinnustofunnar hefur staðfest skýrslu framkvæmdastjórans um, að krossviður hafi einungis verið negldur fyrir hurðaropið. Við athugun á brunastaðnum kom í ljós, að rafsuðuplata ein var í sambandi, og stóð hún rétt við timburvegg í vinnustofunni. Vinnuföt hingu á veggnum nálægt plötunni, og brunnu þau að mestu. Var helzt álitð fram að því, að grunur féll á ákærða um ýmsar íkveikjur hér í bænum um þetta leyti, að kviknað hefði í vinnustofunni út frá rafsuðuplötunni. Þó að skýrsla ákærða um aðferðina við íkveikju þessa virðist ekki geta að öllu leyti staðigt, þykir þó eigi vafa bundið, að hann hafi kveikt í vinnustofunni. Veldur því einkum fortakslaus játning ákærða, sem hann hefur ekki hvikað frá, þó að honum hafi verið bent á þau atriði hennar, sem helzt þykja tortryggileg.

Boð um bruna þenna kom á slökkvistöðina kl. 5.18. Teljandi skemmdir virðast ekki hafa orðið á húsinu við brunann, en lausafjártjónið var metið á kr. 92000.00, og var tryggt fyrir því hjá Almennum tryggingum h/f.

Klukkan 5 þessa nótt var vindur hér í bæ suðvestan 4, en kl. 6 voru 6 vindstig sömu áttar. Verður að telja, að vindur hafi verið eitthvað þar á milli, þegar eldurinn kom upp. Um þenna bruna farast slökkviliðsstjóra og yfirlögregluþjóni þannig orð í nefndri skýrslu sinni: „Eldurinn kom upp í lágrí skúrbyggingu, sem stendur innst í lóðinni með heilum steinveggjum á þrjár hliðar og timburvegg inn að lóðinni. Í skúrnum er frekar lítill eldsmatur. Hér hefði vart gatað orðið um annað að ræða en eyðileggingu á sjálfum skúrnum og því, sem í honum var geymt. Hefði vindstaða verið austlæg, gat til mála komið, að bakhúsið nr. 19 B við Laugaveg væri í hættu, en þar er lítið timburhús, sem er með eldvarnarvegg að skúrnum. Eins og á stóð, var það ekki. Engin íbúð var í skúrnum.“ Þessi íkveikja ákærða þykir varða við 164. gr., 1. mgr., hegningarlaganna.

Vagnasmiðjan á Grettisgötu 21.

Aðfaranótt 14. maí var ákærði á reiki um bæinn undir áhrifum áfengis. Bar hann þá að vagnasmiðju Kristins Jónssonar á Grettisgötu 21. Hann fór þar inn í portið til að kasta af sér vatni og sá þá rúðulausa glugga á skúr bak við vinnustofuna. Honum tókst auðveldlega að komast inn um einn þeirra, og settist hann síðan upp í bifreið eina, sem þar var inni, og fór að reykja vindling. Síðan fór hann inn í annað herbergi og rótaði þar í ýmsu dóti, kveikti sér í vindlingi og kastaði eldspýtunni, sem hann kveikti með, á gólfið. Hún kulnaði út, en þegar ákærði sá hana á gólfinu og sætastopp mjög nærri, kom yfir hann löngun til að kveikja í því, og gerði hann það því umsvifalaust með eldspýtu. Síðan fór hann út og gekk burtu um stund, en kom svo aftur á þenna sama stað og var viðstaddur slökkvistarfið að einhverju leyti, en aðstoðaði þó ekki við það.

Guðmundur Finnbogason járnsmiður, Grettisgötu 20 B, varð fyrstur eldsins var, þegar hann leit út um glugga heima hjá sér. Hann tilkynnti slökkviliðinu þetta samstundis í síma, og var klukkan þá 04.04. Slökkviliðið fór þegar á vettvang og réð fljótlega niðurlögum eldsins. Skemmdir urðu þó miklar á herbergi því, sem eldurinn kom upp í, og því, sem í því

var. Annars staðar í verksmiðjunni urðu einnig nokkrar skemmdir, aðallega af reyk. Tjón á húsinu, sem vátryggt var í Almennum tryggingum h/f, var metið kr. 29000.00, en lausafjártjón, sem tryggt var gegn í Sjóvátrygg-ingarfélagi Íslands h/f, var kr. 112000.00 að meðtöldum kostnaði.

Um þessa bruna farast slökkviliðsstjóra og yfirlögregluþjóni þannig orð í nefndri álitsgerð: „Eldurinn var í vinnustofu Kristins Jónssonar vagna-smiðs, en hún er í einnar hæðar húsi með eldvarnarvegg að vesturmörk-um. Nokkur hluti byggingarinnar er nýr, og er sá hluti úr timbri, klæddur bárujárni. Hinn hlutinn er með steinsteyptum veggjum, en bárujárnsþak er á allri byggingunni. Byggingin er þiljuð innan með panel. Veður var ANA 3 til ASA 2, eða nærri logn. Hér getur varla hafa verið að ræða um íkvikun í nágrannahúsum, en aðeins um hættu á sjálfu húsinu, sem eldurinn kom upp í, og því, sem þar var inni. Engir menn voru í lífshættu vegna þessa bruna. Eldurinn var fljótlega slökktur, en nokkrar skemmdir af reyk og vatni.“ Þar sem húsið, sem ákærði kveikti í, er inni í miðju íbúðarhúshaverfi og nokkur almannahætta hlýtur ætíð að vera að elds-voða á slíkum stöðum, þykir þessi íkveikja ákærða varða við 164. gr., 1. mgr., hegningarlaganna.

Bergþórugata 20.

Aðfaranótt 25. maí var ákærði sem fyrr á reiki um bæinn undir áhrifum áfengis. Gekk hann þá fram hjá húsinu nr. 20 við Bergþórugötu, sem er tveggja hæða íbúðarhús úr timbri. Kveðst hann hafa séð opinn kjallara-glugga á húsinu, hafa skimað inn um hann og séð þar inni hitt og annað rusl, kveikt á eldspýtu og fleygt henni logandi inn í herbergið. Síðan kveðst hann hafa gengið brott, en þegar hann fór að hugleiða, að fólk mundi búa í húsinu, hafi hann orðið skelkaður og sér dottið í hug að snúa við til að sjá, hvort eldurinn hefði kviknað að ráði, og ef svo væri, þá reyna að slökkva hann eða að minnsta kosti að tilkynna um hann. Frá þessari fyrirætlun kveðst hann þó hafa horfið sökum þess, að sig hafi brostið kjark. Tilkynning um íkvikun þessa barst slökkvistöðinni klukkan 3 um nóttina. Slökkviliðið fór þá á vettvang og réð niðurlögum eldsins, áður en nokkrar teljandi skemmdir yrðu, en kviknað hafði í spýtnarusli í kjall-araherbergi í norðvesturhorni hússins. Af þeim íbúum hússins, sem best þekktu til geymsluherbergis þessa, er því haldið fram, að gluggi þessi hafi ekki verið opinn þessa nótt, en hins vegar má vera að blikkplata, sem negld mun hafa verið fyrir hluta gluggans, hafi húsað frá, svo fleygja hafi mátt eldspýtu þar inn um. Útidyr kjallarans voru ólæstar þessa nótt og því greiður aðgangur að dyrum geymslunnar, sem að vísu voru læstar, en lykillinn stóð í skránni að utan. Ákærði kveðst þó muna örugglega, að hann hafi ekki farið inn í kjallara hússins, og heldur því fastlega fram, að hann hafi kastað eldspýtunni inn um gluggann.

Í húsinu voru þessa nótt 13 manns og voru allir í svefni, þegar eldurinn kom upp. Svo mikill reykur var kominn upp á neðri hæðina, þegar fólkíð þar vaknaði, að 11 ára drengur var orðinn hálfmeðvitundarlaus og kom ekki til fullrar meðvitundar, fyrr en hann hafði verið borinn fram í for-

stofu. Um þessa íkveikju farast slökkviliðsstjóra og yfirlögregluþjóni þannig orð í nefndri álitssgerð: „Slökkviliðið var kvatt á brunastað kl. 03.00 25. maí. Veðurátt var A 2, eða nær því að vera logn. Húsið er 2ja hæða timburhús, klætt bárujárni, með steinkjallara, sem eingöngu er notaður sem geymslur. Eldurinn hafði kviknað í spýtnarusli í kjallaranum. Í húsinu bjó 13 manns á báðum hæðum, og var það í svefni, er eldurinn kom upp. Á húsinu eru aðeins einar útgöngudyr. Um bruna þenna er það að segja, að með tilliti til þess, að eldurinn kviknar að nóttu til, þegar allir íbúar hússins voru í svefni, var sú hætta á, að eldurinn næði að magnast verulega, áður en slökkviliðinu yrði gert aðvart, og þá um leið lífshættulegur fyrir íbúa hússins. Aftur á móti verður ekki talið líklegt, að næsta hús, nr. 18 við Bergþórugötu, sem einnig er 2 hæða timburhús, hefði verið í hættu, enda þótt húsið nr. 20 hefði orðið alelda, þar sem logn var og 6,5 metra bíl milli húsanna og enginn gluggi er á austurhlið hússins nr. 18.“

Með því að kveikja í húsi þessu, þykir ákærði hafa brotið 164. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.

Skúrinn við Snorrabraut 56.

Þegar ákærði hafði kveikt í Bergþórugötu 20, gekk hann að skúr einum við Snorrabraut 56, eða öllu heldur tveimur skúrum með sundi á milli. Í öðrum skúrnum voru 5 hestar, en í hinum voru þrír hestburðir af heyi, hnakkur, heyyfirbreiðsla, reipi o. fl. Ákærði sá inn um glugga, að hestar voru í skúrnum, og af því að ákærði hefur mikið yndi af hestum, langaði hann til að komast inn til þeirra og helzt af öllu að koma á bak einum þeirra. Honum tókst þó ekki strax að komast inn í þann skúrinn, sem hestarnir voru í, en þegar hann tók þéttingsfast í hurðina fyrir hinum skúrnum, opnaðist hún. Þar inni tók hann járnkarl og heytuggu, braut síðan hestaskúrinn upp með járnkarlinum og fór inn í hann með heyið og var þar góða stund að gefa hestunum það og gæla við þá. Að því búnu gekk hann yfir í hinn skúrinn til að ná í meira hey, en þegar hann kom þangað, greip hann löngun til að kveikja í heyinu, og gerði hann það strax með eldspýtu. Síðan fór hann yfir í hinn skúrinn og leysti út hestana, en gekk síðan um göturnar um hrið. Síðar um nóttina fór hann í bifreið framhjá skúrnum, og var slökkvistarfinu þá lokið.

Slökkviliðið var kallað á þenna brunastað kl. 03.16, og tókst því fljótlega að ráða niðurlögum eldsins. Það, sem í skúrnum var, eyðilagðist að mestu, og skúrinn sjálfur skemmdist mjög mikið. Eldur barst enginn í hestaskúrinn. Eigandi skúranna, Kjartan Ólafsson, vörzlumaður bæjarlandsins, Grettisgötu 80, telur tjónið á brunanum vera um kr. 2000.00. Skúrinn og það, sem í honum var, var óvátryggður.

Slökkviliðið varð vart benzinbrúsa í heyskúrnum, meðan slökkvistarfið stóð yfir. Eigandi skúrsins kannast ekki við brúsa þenna, og ákærði hefur fastlega neitað að hafa flutt hann í skúrinn, og er ósannað, hvernig á brúsanum stóð þarna. Skúr þessi stóð góðan spöl frá næsta húsi, og er það álit slökkviliðsstjóra og yfirlögregluþjóns í áðurnefndri skýrslu þeirra, að

engin hætta hafi verið á, að eldur í honum gæti borizt til annarra húsa.

Þar sem almannahætta þykir eigi hafa stafað af bruna þessum, þykir þessi íkveikja ákærða réttilega heimfærð undir 257. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.

Netjagerð Björns Benediktssonar h/f.

Aðfaranótt 26. maí var ákærði sem fyrr á reiki um bæinn undir áhrifum áfengis. Kom hann þá að Netjagerð Björns Benediktssonar h/f á horni Holtsgötu og Hringbrautar. Var það mjög stór bygging og í henni mjög mikil verðmæti. Við Holtsgötuna var nýbygging úr steinsteypu í smíðum, ein hæð og kjallari. Hæðina var aðeins búíð að steypa, en hafði ekki verið tekin í notkun. Í kjallaranum voru geymdar 11 sildarnætur, sem nýlega höfðu verið fluttar þangað frá Skipholti 29. Á horninu og sambyggt var netjaverkstæðið, tveggja hæða járnklædd timburbygging. Á neðri hæðinni var aðallega geymt nótaefni og unnið þar öðru hvoru. Á efri hæðinni voru tveir vinnusalir, sem geymdar voru í nokkrar nætur. Sambyggt vestur af verkstæðinu, meðfram Hringbraut, var þurrkhjallurinn, sem í var geymt mikið af sildarnótum og einnig voru nætur geymdar á rimlalofti, sem var yfir hjallinum. Í húsasamstæðu þessari var auk alls þessa mikið efni í sildarnætur, litunarefni, vélar, verkfæri og ýmislegt starfrækslunni tilheyrandi. Húseignin var brunatryggð í Almennum tryggingum h/f fyrir kr. 539500.00 og lausafé fyrir kr. 230000.00. Nótaefni, unnið og óunnið, var vátryggt í Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f fyrir um eina milljón króna, og þær 30—40 sildarnætur, sem ýmsir útgerðarmenn áttu geymdar þarna, voru og vátryggðar.

Þegar ákærði kom að húsi þessu, kveðst hann hafa séð, að rimill var brotinn í hjallinum, og smaug hann þá inn um opið. Úr hjallinum fór hann inn í vistarveru, sem hann taldi réttilega vera kaffistofu, settist þar við borð og fór að reykja vindlinga og lesa blað, sem þar lá frammi. Á gólfi stofunnar var trékassi með bréfarusli í, að sögn ákærða, og þegar hann hafði kveikt í einum vindlingnum, fleygði hann logandi eldspýttunni í bréfaruslið í kassanum og fór strax að loga í því. Ákærði kveðst hafa haft gaman af að horfa á eldinn í bréfunum og ekkert hafa gert til að hindra útbreiðslu hans. Hann fór síðan út úr húsinu Holtsgötu megin, tók í heimildarleysi reiðhjól Björns Benediktssonar bréfbæra, Holtsgötu 21, sem stóð við netjagerðina, og hjólaði á því brott. Ákærði hefur fullyrt, að íkveikjan hafi farið fram, svo sem nú var lýst, og sérstaklega hefur hann neitað að hafa kveikt víðar í netjagerðinni en í ruslakassanum í kaffistofunni.

Einar Þorsteinsson húsasmiður, Holtsgötu 37, varð fyrstur eldsins var, þegar hann var að koma heim til sín laust fyrir klukkan hálf fimm um nóttina. Sá hann þá rjúka undan þakskeggi hússins, og þegar hann kom að því til að sjá, hverju þetta sætti, sá hann mikinn reyk inni, en engan eld. Hann flýtti sér þá að síma í slökkviliðið, og kom það kall í slökkvistöðina kl. 04.29. Slökkviliðið fór þegar á vettvang, en eigi tókst að slökkva eldinn, fyrr en netjagerðin var brunnin til kaldra kola með öllu, sem í var. Meðan aðalbrunninn stóð yfir, var vindur NNA 6—7, léttskýjað og hiti frá 0—2

stig. Eldur frá hinu ógurlega báli barst í þak lýsisstöðvar Bernharðs Petersens, sem er næsta hús vestan við netjagerðina, brunatryggt fyrir kr. 1545000.00. Slökkviliðinu tókst að slökkva í þaki þessa húss, áður en mjög miklar skemmdir yrðu. Meðan á brunanum stóð, kviknaði í rusli í portinu bak við húsið nr. 58 A við Framnesveg. Kallað var í slökkviliðið, sem slökkti þenna eld. Talið er vafalaust, að eldur þessi hafi kviknað af neistaflugi frá netjagerðarbrunanum. Húsið Framnesvegur 58 A er brunatryggt fyrir kr. 46300.00.

Tjón af þessum bruna var gifurlegt. Samkvæmt upplýsingum Almennra trygginga h/f hefur það félag greitt í bætur vegna brunans í netjagerðinni kr. 515030.00 og brunans í lýsisstöðinni 7500 kr. Samkvæmt upplýsingum Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f hefur það félag greitt í bætur vegna netjagerðarbrunans um kr. 2300000.00 og vegna brunans í lýsisstöðinni kr. 28000.00. Samkvæmt upplýsingum frá Samvinnutryggingum greiddu þær tjón á sildarnótum í netjagerðarbrunanum kr. 290000.00.

Tvær sildarnætur, sem þar brunnu, eign Geirs goða h/f, voru tryggðar hjá váttryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar fyrir kr. 80000.00 á öðrum stað. Er óútkljáð, hvernig fer með bætur fyrir þær. Þó þetta sé talið, eru eigi öll kurl komin til grafar um tjónið, og verður því engu slegið föstu um, hversu mikið tjón hefur raunverulega af brunanum hlotizt.

Um þenna bruna segja slökkviliðsstjórinn og yfirlögregluþjónninn í margnefndri álitgerð: „Slökkviliðið var kvatt á eldstað kl. 04.29 þann 26. maí, og var þá mikill eldur í húsinu, sem læsti sig fljótlega um alla bygginguna, en hún var 2ja hæða hús úr steinsteypu og timbri, er brann til kaldra kola. Kl. 04.00 telur veðurstofan, að logn hafi verið hér í bæ, en kl. 05.00 var veðurhæðin orðin NNA 6 vindstig. Frá eldinum voru í hættu gamall steinbær, Stórasel við Holtsgötu, og Lýsisstöð Bernhards Petersens við Hringbraut—Sólvallagötu. Slökkviliðinu tókst að verja Stórasel, en eldurinn náði að kveikja í þaki lýsisstöðvarinnar, en var heftur án verulegra skemmda. Hefði ekki tekizt að hefta útbreiðslu eldsins í lýsisstöðinni, hefði þar verið um yfirgripsmikla eyðingu að ræða til viðbótar. Engin mannslíf í nálægum húsum er hægt að telja í hættu vegna þessa bruna.“

Með þessari ikveikju hefur ákærði gerzt brotlegur við 164. gr., 2. mgr. hegningarlaganna.

Taka reiðhjólsins við netjagerðina.

Þegar ákærði kom út úr netjagerðinni að ikveikjunni afstaðinni, sá hann þar reiðhjól, sem hann vissi ekki, hver átti, tók það í heimildarleysi og hjólaði á því sem leið liggur að sundinu, sem er frá Laufásvegi niður að Frikirkjuvegi 11. Þar skildi hann það eftir umhirðulaust og skipti sér ekki frekar af því. Eins og áður segir, var hjólið eign Björns Benediktssonar bréðfæra, Holtsgötu 21. Rannsóknarlögreglan fann reiðhjól þar, sem ákærði skildi það eftir, og kom því til skila. Eigi virðist það hafa verið ásetningur ákærða að slá eign sinni á reiðhjól, heldur virðist hann hafa gripið til þess í hugsunarleysi og hálfgerðu ósjálfræði til að hjóla á því nokkurn spöl. Þar sem hann svo skildi það eftir rétt við bækistöð rann-

sóknarlögreglunnar, þar sem það mundi auðveldlega finnast, þykir taka reiðhjólsins eigi verða metin til þjófnadar. Er þá um nytjastuld að ræða, en þar sem eigandi reiðhjólsins hefur eigi krafizt málshöfðunar vegna afskipta ákærða af því, verður ákærða eigi gerð refsing fyrir þau.

Brot á brunaboða á horni Spítalastígs og Bergstaðastrætis.

Þegar ákærði hafði losað sig við reiðhjólíð, gekk hann um göturnar. Þegar hann kom á horn Spítalastígs og Bergstaðastrætis, braut hann brunaboða, sem þar er, og gabbaði með því slökkviliðið þangað. Varðar þessi verknaður hans við 120. gr. hegningarlaganna.

Bruni í Franska spítalanum.

Síðan gekk hann inn að Franska spítalanum við Lindargötu, sem er stórt, gamalt timburhús. Var það einkum notað til skólahalds, en á efri hæð þess bjuggu þrjár manneskjur, Þegar ákærði kom að húsi þessu, sá hann opinn glugga á kjallara þess. Ákærði fór inn um hann, settist á sófagarm, sem stóð í herberginu, og fór að reykja vindlinga. Áklæði sófans var trosnað, og þegar ákærði fór að krafsa í það, fór það í sundur, og myndaði hann þá með fingrunum holu í stoppið. Síðan kveikti hann á eldpýtu og lét hana logandi niður í holuna. Hann sá, að eldurinn læsti sig um hálminn í sófanum, en gerði ekkert til að hindra það, heldur fór út úr húsinu um kjallaradyr, sem læstar voru með smekklás, sem hann opnaði innan frá. Hann fór nú heim á Klapparstíg 29, fékk sér mjólk í búrinu, en þegar hann þar á eftir leit út um vesturglugga, sá hann geysimikinn reyk vestur í bæ og taldi þá víst, að hann væri af bruna netjagerðarinnar. Hann taldi, að áfengisáhrifin, sem hann hafði verið undir um nóttina, væru runnin af sér, og m. a. með tilliti til þess náði hann í bifreiðarlykla föður síns, sem voru í vasa hans í svefnherbergi hans, og tókst ákærða að ná þeim, án þess að faðir hans vaknaði. Síðan ók ákærði bifreið hans vestur að netjagerðinni og var þar talsvert lengi að horfa á slökkvistarfið. Síðan ók hann aftur að Klapparstíg 29, gekk frá bifreiðinni, eins og hann minnti, að hún hefði verið, þegar hann tók hana, og kom síðan lyklunum í vasa föður síns, án þess að hann vaknaði. Hátaði svo ákærði og hafði lesið stundarkorn í rúminu, þegar hann varð var við ferðir slökkviliðsins inn í Franska spítala. Þá var svo langt liðið frá því, að hann hafði kveikt í sófanum í húsi þessu, að hann kveðst hafa verið farinn að vona, að eldurinn hefði ekki náð að breiðast út um húsið. Ákærði fór ekki út aftur um morguninn, heldur fór að sofa.

Boð um eld í Franska spítalanum bárust slökkviliðinu kl. 06.31 hinn 26. maí. Slökkviliðið fór þegar á staðinn og tókst eftir nokkurn tíma að ráða niðurlögum eldsins. Húsið skemmdist talsvert af eldi og vatni. Húsið var brunatryggt í Almennum tryggingum h/f fyrir kr. 525500.00, en brunatjónið á því reyndist vera kr. 138300.00. Gagnfræðaskólinn í Reykjavík hafði hús þetta að mestu til afnota, og var húsbúnaður, kennsluáhöld og fleira af gögnum skólans, sem geymd voru í húsinu, vátryggð í Brunabótafélagi Íslands fyrir kr. 80000.00, en brunatjónið á verðmætum þessum var ásamt

matskostnaði kr. 35704.00. Í kjallaranum voru geymslur, sem geymd var í búslóð o. fl. á vegum fátækrastrjórnar bæjarins, og einnig var þar geymsla tilheyrandi saumastofu fátækrastrjórnarinnar, sem rekin var á efri hæð hússins. Allt, sem í geymslum þessum var, var óvátryggt og ýmist eyðilagðist eða stórskemmdist. Munir hinna þriggja íbúa hússins skemmdust ekki að ráði. Um þenna bruna segja slökkviliðsstjóri og yfirlögregluþjónn í margnefndri álitserð sinni: „Slökkviliðið var kvatt á eldstað kl. 06.31 þann 26. maí og var þá veðurhæð NNA 6. Slökkviliðið var við vinnu í netjagerðinni, er kallið kom. Húsið er stórt timburhús, 2 hæðir og kjallari úr steini, og er það nú notað sem skólahús og saumaverkstæði með birgðageymslu fyrir Reykjavíkurbæ, 3 menn bjuggu á efri hæðinni. Eldurinn kom upp í kjallaranum, og voru íbúar þá í svefni. Hefði eldurinn náð þeirri útbreiðslu, að húsið hefði brunnið til grunna, eru þó ekki líkur til annars en takast hefði mátt að verja nærliggjandi hús, eins og vindstaðan var, en þau eru í 27—30 m fjarlægð frá spítalanum. Um húsið sjálft er það að segja, að ef eldurinn hefði náð að breiðast meira út en raun varð á, áður en slökkviliðinu var gert viðvart, er hætta á með tilliti til veðurhæðar, að húsið hefði brunnið upp. Þá gat einnig verið um það að ræða, að íbúar hússins væru í lífshættu.“

Með íkveikjunni í þessu húsi telst ákærði hafa gerzt brotlegur við 164. gr., 2. mgr., hegningarlaganna. Ákærði var undir áhrifum áfengis þessa nótt, og hefur hann því með akstri bifreiðarinnar gerzt brotlegur við 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna.

Bruni á Vesturgötu 3 B og ýmis atferli ákærða hinn 2. júní s.l.

Fyrri hluta aðfaranætur 2. júní s.l. var ákærði á dansleik í Alþýðuhúsinu hér í bænum. Sjálfur kveðst hann sjaldan hafa verið eins ölvaður og þá nótt og sumpart óljóst og sumpart ekki muna, hvað gerðist. Kunningjar hans á dansleiknum segja hann hafa verið drukkin. Ekki ber þeim þó saman um, hversu mjög drukkin hann hafi verið. Einn þeirra segir hann hafa verið dauðadrukkin, aðrir minna, með fullu viti, og allra ferða færan. Að dansleiknum loknum fór ákærði til Hafnarfjarðar, en komst þaðan, þegar líða tók á nóttina, með kunningja sínum á vörubifreið til Reykjavíkur. Þar fóru þeir af bifreiðinni við Aðalstræti 4 og skildu þar. Fór félagi ákærða þá heim og varð ekki var við ákærða eftir það um nóttina. Segir þessi félagi ákærða, að þegar þeir skildu, hafi áfengisáhrif verið runnin af ákærða og hann ekki þá verið mikið drukkin. Sjálfur var þessi félagi undir áfengisáhrifum, og má því vera, að skýrsla hans um þetta sé eigi sem áreiðanlegust. Brýtur hún mjög í bág við frásögn ákærða sjálfs. Eftir þetta var ákærði einn, þar til hann var tekinn höndum. Minni hans um atburði þessa tímabils er allóljóst, og með köflum man hann alls ekki, hvað gerðist.

Mjög skammt frá Aðalstræti 4 er húsið Vesturgata 3 B, stórt vörugeymsluhús úr timbri, sambyggt öðrum húsum og inni í miklum húsa-klasa, meira og minna úr timbri. Meginhluti hússins er vörugeymsla Eggerts Kristjánssonar & Co. h/f, en að öðru leyti notar G. J. Fossberg, véla-

verzlun h/f, húsið sem geymslu, þar á meðal kjallarapláss, sem veit út að Fischersundi. Gluggi þessarar geymslu var rúðulaus, og fyrir hann var negld járnplata. Kl. 05.12 um nóttina kom brunaboð á slökkvistöðina um, að kviknað væri í húsi þessu. Slökkviliðið var um eina klukkustund að ráða niðurlögum eldsins, og urðu skemmdir bæði á húsinu og vörubirgðum í því. Húsið var brunatryggt hjá Almennum tryggingum h/f fyrir kr. 526500.00, en tjón á því af brunanum var kr. 18500.00. Vörubirgðir Eggerts Kristjánssonar & Co. h/f voru brunatryggðar fyrir samtals kr. 400000.00 í Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, og var tjón á þeim kr. 240000.00. Í sama félagi voru vörubirgðir G. J. Fossberg, vélaverzlun h/f, tryggðar fyrir kr. 170000.00. Tjón á þessu var kr. 29000.00. Eigendur hússins, Bræðurnir Ormsson, áttu brunatryggt lausafé í húsinu, og var tjón á því alls kr. 23599.00. Voru þær tryggingar bæði hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Vátryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar.

Við athugun brunastaðarins virtist ljóst, að kveikt hefði verið í því í áðurnefndri geymslu G. J. Fossberg, vélaverzlun h/f, sem vissi út að Fischersundi, og þá þannig, að platan, sem negld var fyrir gluggann, hefði verið losuð frá og eldurinn komið inn um það op. Geymsla þessi var dimm og rök. Í henni voru geymdir skrúfboltar og ekkert eldfimt var þar inni. Telur rannsóknarlögreglan, meðal annars samkvæmt upplýsingum kunnugra, að óhugsandi sé, að kveikt hafi verið í hillunum fyrir innan gluggann, þar sem eldurinn hefur greinilega átt upptök sín, nema með einhverjum tilfæringum, t. d. tvísti vættum í olíu eða benzíni.

Um kl. 4 þessa nótt gekk Sigurbjörn Stefánsson verkamaður, Mjóstræti 3, niður Fischersund. Sá hann þá mann hálfboginn við hlið margnefnds húss og var hann að toga þar í járnplötu. Maðurinn hrökk við, þegar Sigurbjörn kom til hans, en gekk þó til hans og skiptust þeir á nokkrum orðum, þar til Sigurbjörn hraðaði sér burtu. Sigurbjörn lýsir klæðnaði mannsins svo, að hann hafi verið í mjög ljósum, beltislausum rykfrakka, og með brúna hatt. Virtist honum frakkinn líta út fyrir að vera gamall, en nýhreinsoður. Kemur þessi klæðnaður alveg heim við klæðnað ákærða, þegar hann var handtekinn. Lýsing Sigurbjörns á manninum að öðru leyti er í samræmi við ákærða. Eigi veitti Sigurbjörn manni þessum svo nána athygli, að hann gæti um það fullyrt, þegar hann sá ákærða fyrir tilstilli rannsóknarlögreglunnar daginn eftir, hvort um sama manninn væri að ræða, en ekkert benti hann á, sem því gæti staðið í vegi.

Um sama leyti og Sigurbjörn hitti manninn, sá Elliðagrímur Rögnvaldsson, næturvörður í Veifarfaraverzluninni Geysi, sem er þarna í næstu grennd, mann á mjög ljósum rykfrakka í Grófinni ofanvert við geymslúhús Eggerts Kristjánssonar & Co. h/f. Nokkru síðar sá hann sama manninn koma á bifhjóli, rauðleitu að honum virtist, aka hratt norður Grófina og hverfa þar sjónum. Um svipað leyti sást maður í ljósum eða mjög ljósum frakka aka bifhjóli um austurbæinn. Sáú vitni þetta á mismunandi stöðum, sem eigi virðist þörf að rekja. Er reyndar eigi vissa fyrir, að þetta hafi verið ákærði, þó að mjög megi það teljast líklegt. Klukkan 05.20 um nóttina var brotinn brunaboði á Sunnutorgi við Langholtsveg og slökkvi-

liðið gabbað þangað. Svo vildi til, að frú Oddfríður Sæmundsdóttir, Langholtsvegi 53, var á ferli, þegar þetta gerðist. Eiginmaður hennar er í slökkviliðinu og var nýfarinn út til að sinna kallinu frá Vesturgötu 3 B. Þegar kona hans leit á eftir honum út um gluggann, sá hún mann í ljós um frakka vera að setja bifhjól í gang framan við húsið, sem er á milli Langholtsvegar 53 og nr. 49 við sömu götu, en á því húsi er brunaboðinn, sem brotinn var. Bifhjólið segir hún hafa verið dökkat og ekki stórt. Henni virtist maðurinn eiga í erfiðleikum með að koma hjólinu í gang, en þó tókst honum það fljótt, og ók hann þá brott niður Laugarásveg.

Klukkan ca. 4.45 sá Ólafur kaupmaður Gunnlaugsson, Ránargötu 15, mann aka rauðu bifhjóli vestur þá götu. Eigi getur hann lýst manninum, enda gaf hann honum engan sérstakan gaum. Klukkan 06.00 um morguninn var lögreglunni tilkynnt, að rautt bifhjól, R 3983, stæði á Ránargötu móts við húsið nr. 32. Lögreglan fór strax á vettvang og tók bifhjólið í sínar vörslur. Var vél þess heit, þegar lögreglan kom að því, og því ljóst, að hún hefði nýlega verið í gangi. Eigandi bifhjólsins er Páll Torp sjómaður, Hagamel 21, og hefur hann fengið hjólið í hendur og gerir engar kröfur vegna töku þess eða notkunar. Bifhjólið hafði verið geymt í skúr, tilheyrandi húseigninni Aðalstræti 4, en gegnt kjallaraglugga þeim á Vesturgötu 3 B, sem talið er víst, að notaður hafi verið, þegar kveikt var í því húsi. Hafði skúrinn verið sprengdur upp á þann hátt, að brotin hafði verið önnur lömin af hurðinni, en hin hafði verið ónýt áður.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann muni alls ekkert eftir sér, frá því hann skildi við kunningja sinn um nöttina við Aðalstræti 4, eins og áður segir, og þar til hann vaknaði upp í einum hitaveitugeyminum á Öskjuhlíð. Hann kveðst þá strax hafa farið niður af geyminum og séð þar rautt bifhjól. Ekkert kveðst hann hafa kannast við það né hafa gert sér grein fyrir, hvernig það væri þangað komið. Hann reyndi að setja það í gang, en átti erfitt með það. Þó tókst það að lokum og man hann, að hann ók síðan á því vestur Hringbraut og skildi það svo eftir inni í bænum. Ekki man hann, hvar hann skildi við það né að hann hafi farið á því inn á Sunnutorg í Kleppsholti. Greinileg fór bifhjólsins sáust á Sunnutorgi, og leiddi rannsókn í ljós, að þau voru eftir samskonar hjólbarða og voru á bifhjólinu R 3983. Þegar ákærða hafði verið skýrt frá atvikum að broti brunaboðans á Sunnutorgi, kvaðst hann að visu ekki muna að hafa verið þar að verki, en eftir öllum atvikum eigi efast um að hafa verið það.

Af öllu því, sem nú hefur verið rakið og þeirri geðbilun, sem ákærði var haldinn og síðar verður lýst, og með því að hliðstætt atvik hafði gerzt skömmu áður (netjagerðarbruninn og brunaboðabrotin á mótum Spítalastígs og Bergstaðastrætis) þykja svo miklar líkur fram komnar, að jafngildi sönnun fyrir því, að ákærði hafi kveikt í Vesturgötu 3 B, brotið upp skúrinn og tekið úr honum bifhjólið, ekið því ölvaður og brotið brunaboðann á Sunnutorgi.

Um brunann á Vesturgötu 3 B segja slökkviliðsstjórinn og yfirlögregluþjónninn í áðurnefndri álitserð sinni: „Slökkviliðið var kvatt á eldstað kl. 05.12 þann 2. júní. Veðurfar var ANA 2, eða sem næst logn. Eldurinn

kom upp í kjallara hússins og læsti sig upp á fyrstu hæð, þar sem vörugeymsla Eggerts Kristjánssonar & Co. er. Var eldurinn slökktur eftir nokkra viðureign. Skemmdir á húsinu voru litlar, en nokkrar á vörum, sérstaklega af reyk og vatni. Húsið er timburhús, klætt bárujárni, 2 hæðir og sambyggt pakkhúsum og Ingólfsapóteki, er standa austan þess milli Vesturgötu og Fischersunds. Sunnan Fischersunds, sem aðeins er 5 metrar á breidd, eru stór vörugeymsluhús og íbúðarhús, Vesturgata 3. Hefði eldurinn náð að magnast verulega, áður en slökkviliðið fékk vitneskju um hann, er hætta á, að um yfirgripsmikinn eldsvoða hefði verið að ræða, þar sem öll þessi hús og jafnvel fleiri hefðu verið í hættu. Um lífshættu hefði þó varla verið að ræða fyrir íbúa húsanna Fischersunds 3 eða Vesturgötu 3.“

Með íkveikju þessari hefur ákærði gerzt brotlegur við 164. gr., 2. mgr., hegningarlaganna, með brunaboðabrotinu við 120. gr. sömu laga, og með því að aka bifhjólinu ölvaður hefur hann brotið 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna. Þar sem taka bifhjólsins verður að teljast nytjastuldur, en refsikrafa hefur eigi fram komið frá eiganda þess, verður ákærða eigi gerð refsing fyrir það brot.

Bifreiðin R 3624.

Bifreið þessi, sem er fólksflutningabifreið, Plymouth, smíðaár 1942, stóð ólæst aðfaranótt 2. júní á Bárugötu móts við húsið nr. 10 við Stýrimannastíg. Eigendur hennar voru þeir Gísli Kristján Líndal Karlsson sjómaður, Bárugötu 32, og Ólafur Ragnar Karlsson málaranemi, Stýrimannastíg 10. Tæpu ári áður keyptu þeir hana, að eigin sögn, fyrir kr. 30000.00 og höfðu auk þess kostað nokkru til hennar. Hún var í skyldutryggingu hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, en ekki tryggð að öðru leyti.

Þegar ákærði hafði yfirgefið bifhjólið á Ránargötu, svo sem sagt hefur verið, gekk hann um göturnar. Hann kveðst hafa verið með vindlinga, en eldspýtnalaus, og þess vegna hafa á leið sinni litið inn í margar bifreiðar til að athuga, hvort í þeim væri vindlingakveikjari, en ekki hafa séð neinn fyrr en í þessari bifreið, R 3624. Hann komst að raun um, að bifreiðin var ólæst, fór inn í hana og settist undir stýrið og setti hana í gang. Ók hann síðan af stað, og fullyrðir hann, að tilgangur sinn hafi einungis verið að aka í bifreiðinni sér til skemmtunar, en ekki að slá eign sinni á hana né neitt úr henni. Vindlakveikjarann segir hann hafa verið í ólagi, og hafi sér því eigi tekizt að kveikja í vindlingi í bifreiðinni. Ákærði ók síðan sem leið liggur að Álafossi í Mosfellssveit. Á þeirri leið segir hann bifreiðina hafa reynzt illa, mikið olíuþrot hafi verið í henni, vélin hafi smurt sig illa og það hafi bankað á legum. Honum kom til hugar að fá smurningsolíu á Álafossi og setja á bifreiðina og eins að fylla hana af benzíni, en hún var ekki nema tæplega hálf, ef benzínsmælirinn hefur verið réttur, og láta eiganda bifreiðarinnar fá þetta hvorttveggja svo sem fyrir „bifreiðarlánið“. Í þessu skyni tók hann benzínsmæltunarbók úr geymsluhólfi bifreiðarinnar og stakk á sig og var hann með hana á sér við handtökuna. Ákærði ók að benzíngeyminum á Álafossi, sá engan mann á ferli, hvarf frá að

vekja upp, sneri við og ók áleiðis til Reykjavíkur. Hafði hann þó áður gáð að olíu í afturgeymslu bifreiðarinnar, en enga fundið. Ákærði ók nú áleiðis til Reykjavíkur, þar til bifreiðin fór út af veginum til hægri nokkuð vestan við Blikastaði. Segir ákærði hjól hennar hafa lent í lausamöl á vinstri vegkanti, hann þá sveigt snögglega til hægri og bifreiðin þá farið út af veginum. Hún rann með framendann á hitaveitustokkinn, sem liggur þarna samsíða veginum, og drap á sér að sögn ákærða. Kveðst hann nú tvisvar hafa reynt að setja hana í gang, en árangurslaust. Hann kveðst nú hafa fengið nóg af akstrinum og óttast, að bifreiðar kæmu að þá og þegar og því yfirgefið bifreiðina til þess að koma sér undan. Gekk hann þá upp í fjallið fyrir ofan veginn og var þar á reiki fram eftir deginum, svaf með köflum, en hélt síðan áleiðis til Reykjavíkur. Sást þá til hans frá rafstöðinni við Elliðaár, og var hann síðan handtekinn, eins og áður segir.

Klukkan um 07.40 þenna dag voru Valdimar Stefánsson bifreiðarstjóri, Leifsgötu 11, og Jóhann Benediktsson verkstjóri, Njálsgötu 8 C, í bifreið á leið frá Reykjavík til Reykjahlíðar í Mosfellssveit. Þegar þeir voru komnir yfir Lambhagabrunna, sáu þeir reyk framundan. Hröðuðu þeir þá för sinni til að sjá, hverju þetta sætti. Þegar þeir komu þangað sem R 3624 var við veginn, sást, að hún var að brenna. Dyr og gluggar hennar voru aftur og sást mikill reykur í henni. Þegar þeir opnuðu dyr bifreiðarinnar, gaus reykurinn út og sást í eld. Hefur Valdimar borið, að eldurinn hafi verið í framsætinu og gólfinu neðan við sætið, en enginn eldur hafi verið í aftursætinu. Jóhann kveðst ekki geta með fullri vissu sagt um, hvar eldurinn var, en sér hafi virzt hann vera í gólfinu og í frambrún framsætisins. Aftur í segir hann engan eld hafa verið né undir gólfinu. Valdimar segir engan eld hafa verið í vélarhúsi bifreiðarinnar. Jóhann varð þess ekki var, að svo væri, en athugaði það ekki sérstaklega. Valdimar tók eftir því, þegar þeir komu að bifreiðinni, að lokið af benzíngeyminum lá ofan á slettuhlifinni við afturvarann og að benzíngeymirinn var opin. Jóhann tók ekki eftir þessu. Þeir félagar drógu bifreiðina frá hitaveitustokknum af ótta við, að í honum kynni að kvikna út frá henni. Bifreið bar þarna að, og ók hún að Reykjum. Þaðan var símað til slökkviliðsins og lögreglunnar í Reykjavík og tilkynnt um bifreiðarbrunann. Slökkviliðið kom á vettvang og slökkti eldinn, en þá var bifreiðin öll meira og minna brunnin og eyðilögð. Rannsóknarlögreglan fékk bifreiðaverkstæðaformennina í Reykjavík, Eirík Gröndal og Gunnar Gunnarsson, til að athuga hina brunnu bifreið með tilliti til þess, hvort í henni hefði kviknað út frá rafkerfi hennar. Álit þeirra er, að eldurinn virðist ekki hafa átt upptök sín í rafkerfi bifreiðarinnar heldur í sætum hennar eða áklæði. Segja þeir, að eldurinn virðist hafa leikið fram eftir vélinni og ekki hafa átt upptök sín í rafgeymi, startara eða mælaborði.

Ákærði hefur harðlega neitað að hafa kveikt í bifreiðinni. Segir hins vegar hafa verið í henni mikinn reyk frá vélinni, þegar hann yfirgaf hana. Kunni einhverjar leiðslur vélarinnar þá hafa verið farnar að brenna, en ekki athugaði hann það né af hverju reykjarsvælan stafaði. Eigi minnst hann þess að hafa tekið benzinlokið af bifreiðinni.

Þegar virtir eru framangreindir vitnisburðir um aðkomuna að bifreiðinni, ölvunarástand ákærða og geðbilun, sem lýsti sér m. a. í eldsýki, og það, sem á undan var gengið um nóttina, þykja svo sterkar líkur fram komnar fyrir því, að hann hafi kveikt í bifreiðinni af ásettu ráði, að jafngildi sönnun. Þar sem almannahætta stafaði ekki af bruna bifreiðarinnar, þykir verknaður ákærða varða við 257. gr., 2. mgr., hegningarlaganna. Eigendur bifreiðarinnar hafa krafizt þess, að ákærði verði látinn sæta refsingu fyrir óheimila notkun bifreiðarinnar, og varðar hún ákærða refsingu samkvæmt 259. gr., 1. mgr., hegningarlaganna. Með því að aka bifreiðinni ölvaður og svo ógætilega, að hún fór út af veginum, hefur hann brotið 23. gr., 1. mgr., 26. gr., 1. mgr., og 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna.

Niðurlag.

Ákærði kveðst enga grein gera sér fyrir þeim hvötum, sem að því lágu, að hann framdi íkveikjurnar. Enga hagnaðarvon kveðst hann hafa haft af neinni þeirra, og eigi bar hann illvilja í brjósti til neinna þeirra, sem áttu hús þau, sem hann kveikti í, eða muni, sem í hættu voru vegna eldsins. Ekki kveðst hann heldur hafa borið kala til slökkviliðs, lögreglu eða annarra, sem láta eldsvoða og rannsókna út af þeim til sín taka. Eigi segir hann neinn hafa hvatt sig til brotanna né tekið þátt í þeim með sér eða verið í vitorði með sér um þau. Hann hafi alltaf verið einn um brotin og gert sér far um að halda þeim leyndum fyrir öðrum. Ekkert hefur fram komið, sem gagnstætt sé þessum staðhæfingum ákærða, nema það varðandi síðasta atriðið, að hann sendi eiginkonu sinni á Ísafirði sendibréf, dagsett 30. maí s.l., þar sem hann gefur eindregið í skyn, að hann hafi framið íkveikjurnar. Bréfið barst henni ekki í pósti fyrr en eftir að ákærði hafði verið handtekinn.

Eins og fyrr er fram tekið, rannsakaði dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir að tilhlutan dómarans andlegt ástand ákærða. Hefur hann gefið ýtarlega lýsingu á því og eru niðurstöður hans þær, að ákærði hafi að upplagi tilhneigingu til sefasýkisviðbragða og sé og hafi á afbrotatímabilinu verið haldinn vefrænum, nýtilkomnum heilasjúkdómi (heilabólgu). Áfengisneyzla hafi valdið hjá honum óminni og leyst úr læðingi rápsýki og eldsýki. Hann telur ekki, að ástand ákærða, þegar hann framdi brotin, hafi verið þannig, að 15. gr. hegningarlaganna eigi við það, en að 16. gr. þeirra eigi frekar við (þ. e. að ákærði hafi verið andlega miður sín, en ekki á eins háu stigi og 15. gr. getur um). Eigi kveðst yfirlæknirinn treysta sér til að dæma um, hvort refsing á hendur ákærða geti borið árangur. Hann álitur ákærða hafa framið brotin vegna þess, að heili hans, sem veiklaður hafi verið og sé af bráðri heilabólgu, verði auk þess fyrir eitruverkunum áfengis. Enn fremur telur hann, að ekki hefði komið til þessara afbrota ákærða, hefði hann ekki neytt áfengis.

Álitserð yfirlæknisins hefur verið lögð fyrir lækna ráð, og hefur réttarmáladeild þess lýst sig samþykka henni, þar á meðal framangreindum niðurstöðum.

Þar sem andlegri heilsu ákærða er svo áfátt, sem lýst hefur verið, og telja verður, að 16. gr. hegningarlaganna eigi við, kemur til álita, hvort refsing á hendur honum fyrir framangreind brot geti borið árangur. Hvorki yfirlæknirinn né lækna ráð treysta sér til að dæma um þetta atriði. Verður því að virða þetta eftir málavöxtum, og þar sem yfirlæknirinn telur, að ákærði hafi framið brotin vegna veiklunar heilans af bráðri heilabólgu samfara eiturverkunum áfengis, sem leyst hafi eldsýki úr læðingi, verður litið svo á, að refsing ákærða til handa geti ekki borið árangur. En þar sem andlegu ástandi ákærða er svo háttað, að telja verður hann hættulegan umhverfi sínu, sé hann frjáls, þykir nauðsyn til bera að dæma hann til að sæta öryggisgæzlu samkvæmt 62. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. sömu laga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna, 39. gr. áfengislaganna og 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að stýra bifreið.

Skaðabótakröfur liggja eigi fyrir. Ákærði hefur verið í gæzluvarðhaldi frá 2. júní s.l.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Jóns Sigurðssonar, kr. 1000.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Magnússon, skal sæta öryggisgæzlu.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga og ævilangt skal hann sviptur rétti til að stýra bifreið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Jóns Sigurðssonar, kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.